

Nö.

78. Frumvarp

til laga nm atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Sjómenn og aðrir þeir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til

að greiða atkvæði á öðrum kjörstað, samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið annast um útvegum kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað rikissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með raufalínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum hvítum pappir svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu bundin sjer í hefti. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með raufalínum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal líta þannig út: (Sjá næstu síðu).

Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislítum pappir af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal stjórnarráðið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar, um leið og þeir taka við kjörgögnum. Stjórnarráðið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og stjórnarráðið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar með eigin hendi á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Nr.
.....
(Nafn og fðurnafn kjsanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

Kaus
.....
(Staður, dagsetning og ár).

Hjá
.....
(Nafn, staða og heimili).

.....
Nr.
Jeg
(Nafn og fðurn. kjs., staða, heimili, hreppsnafn eða kaupst.)

sem vegna
.....
(Ástæður).

eigi get mætt á kjrstað minum, legg það undir drengskap minn og mannorð,
að jeg þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi, og án þess að nokkur maður
hafi sjð hefi útfyllt viðfestan kjrseðil og limt hann aftur.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjsanda).

Að hafi undir-
(Fult nafn og heimili kjsanda).

skrifað fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjrseðill sje út-
fylltur aðstoðarlaust og þvingunarlaust og í einrúmi vottar undirritaður.

.....
(Staða vottorðsgefanda og heimili).

.....
(Nafn, staða, heimili).

Limbori

Limbori

Limbori

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusett fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust i einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosning er, ef hann vill — á kjörseðilinn, brjóta hann síðan saman, þannig að nafnið verði innan á, og lima hann vandlega aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar vottorðið á fylgibrjefinu, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfyltur i einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem i hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta i umslagið, loka því vandlega og rita utan á það til hreppstjórans i þeim hreppi eða bæjarfógetans i þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að i því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Þó getur hann falið kjörstjóra að sjá um sendingu þess, og er þá kjörstjóra skylt að sjá um, að það komist beint i hendur rjettis viðtakanda.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, i áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt i venjulegum atkvæðakassa, innsigliuðum af kjörstjórn og frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef með atkvæði hans, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá; ef svo reynist, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur innan kjörumdæmis síns, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rifur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru opnuð og fylgibrjefin rannsökuð á sama hátt, öll í einu, og þeir sedlar, sem gildir eru teknir, lagðir í atkvæðakassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannanefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listabókstafur«, ef ekki verður álitid, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nægar birgðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varða alt að 100 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Sama gildir um þau umslög eða kjörblöð, sem skemst hafa svo við atkvæðagreiðslu, að kjósandi hefir fengið önnur. Heimilt er þó kjósanda, ef hann hefir útfyllt kjörseðilinn áður, að rífa hann frá fylgibrjefinu og ónýta hann. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar gera síðan á sama hátt skil til stjórnarráðsins, senda því eftirstöðvarnar og afrit bókanna. Stjórnarráðið gengur stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna, á sama hátt og þeir af öðrum kjörstjórum utan kjörstaða.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Greinargerð.

Við tvennar síðustu óhlutbundnar kosningar til Alþingis hefir orðið uppvíst um mjög stórfeldar misfellur á atkvæðagreiðslum utan kjörstaða. Kvað svo mikið að misnotkun ákvæðanna um heimakosningar 1923, að Alþingi árið eftir sá þann vænstan að nema þau ákvæði burt úr lögnum. Verður slíkt að teljast fullkomið ueyðarúrræði, því að með því er fjöldi kjósenda í raun rjettri sviftur atkvæðisrjetti.

Við síðustu kosningar varð af tilviljun uppvíst um beinar atkvæðafalsanir, og hefir rannsókn leitt í ljós, að allmikið hefir verið að þeim gert. Þá er og vitað um fjölmarga aðra smærri ágalla á atkvæðagreiðslum utan kjörstaða, og stafar það óefað að nokkru af því, að ákvæði laganna um þessi efni eru hvergi nærri svo skýr og ákveðin sem þörf er á.

Megingalli laganna er þó sá, að nokkur hluti kjörgagnanna, kjörseðillinn og innra umslagið, er af svo algengri gerð, að alstaðar má fá þau, og að engin ákvæði eru þar um skil af hendi þeirra manna, sem kjörgögn eru send til. Þegar þess er gætt, hve ákvæði hinna almennu kosningalaga eru ítarleg um skil af hendi kjörstjórna, sem þó eru jafnan skipaðar 3 mönnum og á kjördegi eru undir eftirliti frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra, þá verður það að teljast furðulegt, að hliðstæð ákvæði skuli vanta í lögin um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða. En einmitt þessi vöntun hefir gert tiltölulega auðvelt að koma við atkvæðafólsum þeim, er að framan getur.

Frv. þessu er ætlað að bæta úr þessum megingöllum laganna og að ákveða skýrar en nú er gert um nokkur smærri atriði.

Að öðru leyti verður nánar gerð grein fyrir efni þess í framsögu.